

Lokaverkefni til B.Ed.- prófs

## Bræðingsbörn

Kostir og gallar við að alast upp í öðru menningarumhverfi en foreldrarnir

Hafþór Þorleifsson



Kennaraháskóli Íslands  
Grunnskólabraut  
Desember 2007

Leiðsögukennari: Hildur Blöndal Sveinsdóttir aðjúnt í fjölmenningsfræðum við  
Kennaraháskóla Íslands.

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

## Bræðingsbörn

Kostir og gallar við að alast upp í öðru menningarumhverfi en foreldrarnir

Hafþór Þorleifsson

071167-3569

Kennaraháskóli Íslands

Grunnskólabraut

Desember 2007

## Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um bræðingsbörn. Börn sem falla undir þessa skilgreiningu hafa talsvert verið rannsökuð á undanförunum áratugum meðal annars af Useem (1963), Pollock og Van Reken (2001) og fleirum. Í stuttu máli nær hugtakið yfir þau börn sem hafa alist upp í öðru menningarumhverfi en foreldrar þeirra hafa gert.

Markmiðið með ritgerðinni var að komast að og lýsa hvað það merkti að tilheyra þeim hópi sem stundum er nefndur bræðingsbörn. Ég leitaðist einnig við að svara rannsóknarspurningunni sem er: ”Er það einungis ávinningur fyrir börn að alast upp í öðrum menningarheimi en foreldrar þeirra, eða fara þau einhvers á mis?” Ég reyndi að komast að því hvort kostirnir við að tilheyra þessum hópi yfirgnæfi gallana eða öfugt og komu niðurstöðurnar skemmtilega á óvart.

## **Formáli**

Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa fengið tækifæri til að búa utan Íslands um fimm ára skeið. Fyrst í New York í þrjú ár og svo í Stokkhólmi tvö ár. Á þessum tíma hefur nýr heimur opnast fyrir mér og fjölskyldu minni. Ég á dóttur sem er, þegar þetta er skrifað, að verða átta ára. Hún var í alþjóðlegum leikskóla í New York og svo í alþjóðlegum grunnskóla í Stokkhólmi. Í þessum skólum kynntist hún, og við foreldrar, börnum og foreldrum víðs vegar að úr heiminum og fengum innsýn inn í menningu sem hafði verið okkur framandi og í einhverjum tilvikum algjörlega lokuð.

Ég er þess fullviss að þessi reynsla hafi verið okkur til góðs og eftir dvöl okkar fyrir utan landssteinana erum við öll mun víðsýnni og vonandi enn fordómalausari en áður. Dóttir mín hefur kynnst fólki og menningu sem hún gæti ekki lært af bóklestri og er það ómetanlegt.

Ég vil hér þakka Tammy Gaynes, sem var búsett í New York um leið og ég, fyrir að benda mér á að skrifa um þetta efni sem ég hef mikinn áhuga á. Einnig vil ég þakka eiginkonu minni, Helgu Hauksdóttur, fyrir prófarkalestur og athugasemdir um það sem betur mátti fara í skrifum mínum.

Að lokum vil ég þakka Hildi Blöndal Sveinsdóttur fyrir kröftuga, uppbyggilega og frábæra leiðsögn, því án hennar hefði þessi ritgerð ekki orðið að veruleika.

Hafnarfirði í desember 2007,

Hafþór Þorleifsson.

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	4
<b>1 Hugtök</b> .....	5
1.1 Hugtakið bræðingsbörn.....	5
1.2 Hugtakið upprunaland.....	6
<b>2 Kostir og gallar við það að vera bræðingsbarn</b> .....	7
2.1 Hver er ávinningur bræðingsbarna?.....	7
2.2 Hvers fara börnin á mis?.....	13
2.3 Áhrif flutningsins á börnin og aðlögun í nýju landi.....	17
<b>3 Niðurstöður</b> .....	20
3.1 Umræður og niðurstöður.....	20
Lokaorð.....	22
Heimildaskrá.....	25

## Inngangur

Það er orðinn veruleiki hjá fjölmörgum íslenskum börnum að alast ekki upp í sama menningarumhverfi og foreldrar þeirra ólust upp í. Fer þessi hópur barna ört stækkandi með hverju árinu sem líður, ekki síst vegna útrásar íslenskra fyrirtækja á síðustu árum og alheimsvæðingu ásamt því að fólk er sífellt að sækja sér meiri menntunar. Ef skoðaðar eru tölur frá Hagstofunni má sjá að árið 1986 fluttu 2.479 íslenskir ríkisborgarar frá landinu en árið 2006 var þessi fjöldi kominn upp í 3.042 (Hagstofa Íslands 2007).

Þetta á ekki einungis við íslensk börn. Á síðasta áratug hefur innflytjendum fjölgað mikið á Íslandi og eru börn þessara innflytjenda í sömu sporum og þau íslensku að því leyti að þau alast upp í allt öðru umhverfi en foreldrar þeirra. Samkvæmt vef Hagstofunnar fluttu 662 erlendir ríkisborgarar til Íslands árið 1986 en árið 2007 var fjöldinn kominn upp í 7.070 (Hagstofa Íslands 2007), sem er gríðarleg aukning eins og tölurnar bera með sér.

Það er því forvitnilegt að vita hvernig þessum börnum reiðir af í framandi umhverfi. Er þeim hagur að þessu öllu saman eða er missirinn við að alast upp á framandi slóðum, fjarri stórfjölskyldunni, vinum og félögum, meiri en svo að það verði vegið upp með því, til dæmis, að læra nýja siði og önnur tungumál? Eru þessi börn á einhvern hátt frábrugðin öðrum börnum sem alast upp í menningu upprunalandsins?

Í þessari ritgerð er ætlunin að skoða þessa hluti út frá rannsóknarspurningunni: „*Er það einungis ávinningur fyrir börn að alast upp í öðrum menningarheimi en foreldrar þeirra, eða fara þau einhvers á mis?*” Leitast verður eftir því að kanna hvort svokölluð bræðingsbörn séu almennt betur í stakk búin að takast á við lífið og heiminn en önnur börn.

# 1 Hugtök

## 1.1 Hugtakið bræðingsbörn

Hugtakið Third Culture Kids eða menningarbræðingsbörn, kom fram fyrir um fimmtíu árum og var fyrst notað af Ruth Hill Useem í rannsókn hennar á bandarískum börnum búsettum á Indlandi (Eakin, 1998:18). Á íslensku hafa þessi börn einnig verið kölluð bræðingsbörn og ég hef ákveðið að nota þá þýðingu eftirleiðis í ritgerðinni. Það að tilheyra hópi bræðingsbarna felur í sér að hafa búið stóran hluta mótunaráranna utan upprunalandsins og hafa alist upp við aðra menningu en foreldrarnir ólust upp við. Þetta þýðir að barnið tileinkar sér þætti úr þeirri menningu sem það elst upp í, ásamt því að verða fyrir áhrifum af menningararfleifð foreldranna. Það leiðir til þess að barnið tilheyrir ekki einni ákveðinni menningu að öllu leyti heldur raðar saman menningarbrotum og gerir að sinni eigin (Pollock og Van Reken 2001:19). Þessi börn hafa einnig fallið undir skilgreininguna global nomads, eða hnattrænir flakkarar, sem Norma McCraig lýsti sem „*einhver sem hefur lifað utan upprunalandsins fyrir fullorðinsár sökum starfs foreldra*“ (Pascoe 2006:16). Þessi börn upplifa stöðugt miklar breytingar í lífi sínu.

Useem talar um að til þess að börn geti flokkast undir þessa skilgreiningu þurfi þau að hafa búið að minnsta kosti eitt ár utan upprunalandsins (Lam og Selmer 2002:110). Aðrir tala ekki um einhvern ákveðinn tíma í þessu sambandi heldur hvernig barnið ver sínum tíma á nýjum stað og reynsluna sem það öðlast þar (Lam og Selmer 2002:110-111).

Börn sem alast upp í upprunalandinu hitta til að mynda flesta skólafélaga sína aftur eftir sumarfrí. Bræðingsbörn þurfa sífellt að upplifa, að eftir sumarfrí er skólastofan gjörbreytt að því leyti að stór hluti bekkjarfélaganna er nýr og sumir gömlu skólafélaganna eru farnir, og í flestum tilvikum hitta þau þessa einstaklinga aldrei aftur. Þetta hef ég sjálfur séð og upplifað í gegnum dóttur mína. Góðir félagar hennar fara til upprunalandsins eða flytja með foreldrum sínum á nýjan áfangastað og í flestum tilfellum rofnar sambandið við þessa gömlu féлага alveg. Samt sem áður er ekki hægt að flokka bræðingsbörn í einhvern ákveðinn flokk. Börnin eru misjöfn eins og þau eru mörg og verður að huga að mörgum atriðum í því samhengi. Má þar nefna fjölskyldustærð, hvernig sambandi við fjölskyldu er



háttað, menningu, fjölda landa sem búið hefur verið í og lengd búsetu í hverju þeirra, gerð skóla og skólagöngu. Síðast en ekki sist verður að skoða hvernig sambandi við bæði gistiríki og upprunaland er háttað (Eakin 1998:18). Þrátt fyrir þetta eiga bræðingsbörn meira sameiginlegt hvert með öðru en börnum af eigin þjóðerni sem alist hafa upp í upprunalandinu (Eakin 1998:18). Ég get tekið undir þetta með Eakin; ég sá mikið sameiginlegt með dóttur minni og vinum hennar í Stokkhólmi. Börnin höfðu gengið í gegnum svipaða reynslu og áttu af þeim sökum auðveldara með að tengjast hvert öðru.

## 1.2 Hugtakið upprunaland

Hvað merkir hugtakið upprunaland? Það er hægt að nálgast það frá ólíkum sjónarhornum. Mér finnst einfaldast að útskýra það með því að segja að það sé landið, sem vegabréf einstaklings er gefið út í, samanber heiti á rannsókn Eakin, „*According to my passport, I'm coming home*“ (1998:1). Þrátt fyrir að hafa vegabréf í höndunum sem segir að manneskja sé ríkisborgari í tilteknu landi, er þetta ekki svona einfalt. Sum börn hafa þrátt fyrir ákveðið ríkisfang aldrei átt heimili í upprunalandinu sökum vinnu eða náms foreldra. Sum hafa á unga aldri flutt frá landinu og eiga því engar minningar um að hafa búið þar. Í seinna tilvikinu tengja börnin landið við ákveðnar persónur, eins og afa og ömmur eða frænkur og frænda. Mjög ung börn hafa til dæmis ekki þroska til að hafa stofnað til vinasambands við önnur börn. Dóttir mín man til dæmis ekki eftir að hafa búið á Íslandi, verið á leikskóla þar eða við hverja hún lék. Það eina sem hún tengdi við landið voru nánir ættingjar, sem hún umgekkst mikið áður en hún flutti og þá sérstaklega eina uppáhaldsfrænku. Ef hún var spurð hvaðan hún væri af ókunnugum í New York svaraði hún oft að hún væri bandarísk og íslensk þótt báðir foreldrar hennar væru íslenskir.

Upprunaland getur líka merkt þann stað sem maður er borinn, barnfæddur og uppalinn. Þar hefur fólk sama móðurmál, á sömu menningu og maður á ekki að verða fyrir vonbrigðum þegar snúið er heim aftur. Umhverfið og fólkið á að vera kunnuglegt og maður á að geta treyst öðrum, vera meðtekinn af öðrum og finna til öryggis. Upprunaland merkir einnig ákveðna rútinu og fyrirsjáanlegt mynstur í samskiptum við annað fólk sem tilheyrir því (Storti 2003:3-5). Pollock og Van Reken taka í svipaðan streng þegar þau tala um heimili og segja að „heimili sé

*staður sem sé þér hugleikinn, staður sem þú átt sannarlega heima.*“ Þau taka einnig fram að við spurningunum „hvar áttu heima“ eða „hvaðan ertu“ sé ekkert einhlítt svar í hugum bræðingsbarna (Pollock og Van Reken 2001:124).

Í hugum barna sem tilheyra hópi bræðingsbarna eiga þau ekki neitt ákveðið heimaland heldur er allur heimurinn þeirra heimili. Þau tengja heimili sitt frekar við gistiríkið þar sem þau búa hverju sinni en upprunaland sitt (Pollock og Van Reken 2001:123). Af þessu mætti þá ætla að þessi börn hafi mun minni tilfinningar við sitt upprunaland en þau börn sem alast upp í því menningarumhverfi þar sem þau eru borin og barnfædd. Ein ástæða þess að börnin finnast þau ekki passa inn í umhverfi upprunalandsins er sú að margt breytist meðan þau eru í burtu. Þeirra nánasta umhverfi sem þau voru vön í upprunalandinu hefur breyst mikið á þeim tíma sem þau hafa verið í burtu. Ný hús, nýtt fólk og annað verður til þess að það sem áður var þeim eðlilegt umhverfi er þeim ókunnugt þar sem þau þekkja sig ekki lengur. Þetta atriði skiptir miklu máli enda er það forsenda þess að falla inn í umhverfið og hópinn, að umhverfið og fólk sé kunnuglegt (Storti 2003:6-8). Þetta er einmitt það sem ég og fjölskylda mín upplifðum er við komum í heimsóknir til Íslands; umhverfið hafði tekið miklum breytingum og hafði til dæmis sprottið upp nýtt hverfi þar sem við höfðum áður búið og nýjrir íbúar höfðu flutt í húsið sem við bjuggum í áður.

## **2 Kostir og gallar við það að vera bræðingsbarn**

### **2.1 Hver er ávinningur bræðingsbarna?**

Börn sem hafa alist upp utan upprunalandsins eru á margan hátt öðruvísi en börn sem alast upp í upprunalandinu. Þekking þeirra, kynni og skilningur á heiminum er öðruvísi en hjá börnum sem alast upp í sínu upprunalandi. Þessi börn eiga gjarnan auðveldara með að sjá fleiri hliðar á málunum og þar með að til eru fleiri en ein lausn á vandamálum er upp koma. Hreyfanleiki barnanna með sífelldum flutningum verður til þess að þau eiga vini og félagu um allan heim. Sú staðreynd að börnin upplifa það sífellt að missa vini sína vegna flutninga og allri þeirri sorg sem það hefur í för með sér fyrir þau, gerir það að verkum að börnin tileinka sér mun meiri samhyggð með öðrum (Pollock og Van Reken 2001:79). Þessi þekking

þeirra og að þau eru opnari og einlægari, hefur þau áhrif að börnin eru mun betur í stakk búin en jafningar þeirra, sem alist hafa upp í upprunalandinu, til þess að takast á við lífið í síbreytilegum og minnkandi heimi (Eakin 1998:7). Þetta hugtak, minnkandi heimur, er í raun ekkert annað í mínum huga en að með aukinni tækni, eins og Netinu, hafa leiðir til samskipta breyst mikið. Það er til að mynda mun auðveldara og ódýrara að vera í samskiptum við stórfjölskyldu, vini og aðra hvar sem er í heiminum, þar sem miklu meiri möguleikar eru í boði en áður.

Framangreindir hæfileikar bræðingsbarna hafa marga kosti. Landslagið í heiminum hefur breyst mikið og tel ég að erfitt sé orðið að finna þjóðríki<sup>1</sup> nokkurs staðar í heiminum. Mikil blöndun samfélaga sökum flutninga fólks á milli landa, hefur átt sér stað um allan heim og er Ísland þar alls ekki undanskilið. Ástæður þessara miklu fólksflutninga eru meðal annars mikil aukning flóttamanna eða einstaklinga í leit að betri tækifærum í vinnu og von um betri lífskjör annars staðar (Hanna Ragnarsdóttir 2002:2).

Börnin hafa mörg hver alist upp í fjölþjóðlegum samfélögum og gengið í alþjóðlega skóla þar sem nemendur eru frá öllum heimshornum. Þar er ekki spurt um húðlit eða trúarbrögð enda eru börnin öll í sömu sporum, að búa utan upprunalandsins. Þetta hlýtur að hafa í för með sér minna eða jafnvel algjört fordómaleysi sem barnið tekur með sér heim að utandvöl lokinni. Sýna rannsóknir að allt að 90% þessara barna segja að húðlitur, trú, eða þjóðerni annarra einstaklinga skipti þau engu máli (Eakin 1998:21, Lam og Selmer 2002:117). Að geta búið yfir þessu í nútímasamfélagi hlýtur að vera mjög gott veganesti fyrir barn á leiðinni út í lífið.

Þegar barn dvelur langdvölum utan upprunalandsins kynnist það menningu gistiríkisins á allt annan hátt en það myndi gera af bóklestri eða í samfélagsfræðitímum í skólanum heima. Það verður þátttakandi í þeim siðum og venjum sem gistiríkið hefur að geyma og hefði væntanlega aldrei kynnst hefði það ekki hleypt heimdraganum. Ég get nefnt dæmi af því sem dóttir mín hefur fengið að kynnast, Halloween og Thanksgiving í Bandaríkjunum og Midsommar og Lúsíuhátíð í Svíþjóð. Þetta eru siðir sem hún hefði varla kynnst nema í gegnum bækur og kvikmyndir eða sjónvarp, samanber Pollock og Van Reken (2001:83).

---

<sup>1</sup>Hér legg ég þann skilning í hugtakið þjóðríki, að það sé landfræðilega afmarkað svæði þar sem íbúarnir eru af sama uppruna, tala sama tungumálið, eiga sömu menningu og sömu trúarbrögð.

Fjölskylda mín hefur einnig tekið suma siði frá gistiríkjunum inn í sína menningu og þannig auðgað hana.

Þegar fjölskylda flytur búferlum er margt sem breytist. Á nýjum stað er til dæmis talað tungumál sem fjölskyldumeðlimir hafa ekki allir á valdi sínu eins og var hjá dóttur minni þegar við fluttum til New York. Það getur verið erfitt fyrir barn að hefja líf á nýjum stað. Að byrja á leikskóla eða í grunnskóla getur verið meiriháttar mál fyrir lítið barn. Ég þekki af eigin raun hvernig var fyrir dóttir mína að byrja á leikskóla í New York og hún talaði ekki stakt orð í ensku. Þetta var þrautin þyngri og aðlögun að leikskólanum, sem almennt tekur að minnsta kosti fimm daga á Íslandi eða meira (Bæjarból 2007), tók tæpa tvo mánuði þar sem ég þurfti að vera með barninu á leikskólanum upp á hvern einasta dag. Þessi aðlögun tók mikið á mig á sínum tíma og hugsaði ég oft, hvað við hefðum verið að gera að rífa barnið upp úr þeirri rútinu og öryggi sem hún átti að venjast á Íslandi. Við sáum líka að þetta hafði mikil áhrif á hana, sem birtist í því að kvöld eitt tók hún mikið bræðiskast og lagði herbergi sitt í rúst. Það var eins og hún þyrfti á því að halda að fá þessa útrás því að hlutirnir fóru að ganga mun betur eftir þetta og aðlögun okkar tók miklum stakkaskiptum til góðs.

Jafn erfitt og þetta tímabil var þá virðist tíminn hafa læknað öll sár og ég minnst hans ekki með trega og man einungis eftir því jákvæða sem út úr honum kom.

Ung börn geta verið fljót að tileinka sér nýtt tungumál. Í tilviki dóttur minnar tók það um sex mánuði og þá var hún altalandi á ensku, eins og innfædd með tilheyrandi hreim sem hún hefur ekki glatað í dag. Þarna komum við að mjög áriðandi og mikilvægu máli, en það er tvítýngi. Tvítýngi er notað um einstakling sem elst upp við eða hefur jafnt vald á tveimur tungumálum og hefur öðlast það án þess stunda neitt sérstakt tungumálanám á máltökualdri (Steingrímur Þórðarson 2001:1). Tvítýngi hefur einnig verið skilgreint sem „*færni til að skilja, tala og síðar lesa og skrifa á tveimur tungumálum og búa í tveimur menningarheimum*“ (Elsa Sigríður Jónsdóttir 2000:99). Barn getur bæði verið tvítýngt ef það á foreldra sem tala sitthvort tungumálið eða býr í umhverfi þar sem móðurtunga þess er ekki töluð. Barnið býr að því alla ævi hafa fullkomið vald á tveimur eða jafnvel fleiri tungumálum og verður það ekki frá því tekið.

Birna Arnbjörnsdóttir dósent í ensku við Háskóla Íslands, segir að það að vera tvítýngdur geti haft áhrif á skilning barna á umheiminum og að þau séu umburðarlyndari og viti betur hvað það er að vera öðruvísi en aðrir (Lóa

Aldísardóttir 2001:21). Þessi þekking getur einnig hjálpað barninu hvort sem er í námi eða seinna meir þegar komið er út á atvinnumarkaðinn og sjá þau flest hag í því að kunna fleiri en eitt tungumál (Lóa Aldísardóttir 2001:21, McCluskey 1994:70). Það hefur einnig sýnt sig á síðustu árum að fyrirtæki telja að einstaklingar sem eru tvítýngir eða tilheyra hópi bræðingsbarna, séu mikill fengur og eru þessir einstaklingar mjög eftirsótt vinnuafli, sér í lagi hjá alþjóðlegum stórfyrirtækjum enda geta fyrirtæki sparað stórfé í þjálfun starfsmanna til að takast á við og búa í alþjóðlegu umhverfi (Lam og Selmer 2002:119). Samkvæmt rannsókn sem Lam og Selmer (2002) gerðu kemur í ljós að alþjóðleg fyrirtæki vilja frekar ráða starfsmenn sem tilheyra þessum hópi til að senda á erlendar starfstöðvar og nefna meðal annars ástæður eins og samskiptahæfni, félagslegan og menningarlegan áhuga þessara einstaklinga, stuðning við fjölskyldu og hlutlægni (Lam og Selmer 2002:118). Meðal annars getur það verið forsenda fyrir frama innan alþjóðlegra stórfyrirtækja að hafa reynslu af því að vera hnattrænn flakkari eða global nomad (Lam og Selmer 2002:119).

Í framhaldi af þessu má nefna að svo virðist vera að bræðingsbörn séu mun jákvæðari fyrir menntun og gera sér betur grein fyrir mikilvægi hennar (McCluskey 1994:69). Samkvæmt Useem (2001) eru þessi börn fjórum sinnum líklegri til þess að klára B.A. gráðu í háskóla og um helmingur þeirra fer í enn frekara nám, það er meistara- eða doktorsnám (Useem 2001). Þau hugsa meira um framtíðina og framtíðaráform sín en önnur börn (Lam og Selmer 2002:117). Skýringin á þessu gæti verið sú að mörg þessara barna eru börn fólks sem er að vinna hjá alþjóðlegum stórfyrirtækjum, alþjóðastofnunum eða eru börn sendierindreka. Þau njóta því oft þeirra forréttinda að geta sótt góða alþjóðlega skóla sem bjóða margir hverjir upp á betri menntun en börnin myndu kannski fá í hinu almenna skólakerfi heimalandsins.

Margir alþjóðlegir skólar bjóða upp á ákveðin kerfi eða meðferð sem hefur það á stefnuskránni að auðvelda börnum heimkomuna til upprunalsins. Nemendahópar þessara skóla eru mjög fjölbreyttir með nemendum frá öllum heimsálfum og af öllum trúarbrögðum (Eakin 1998:6).

Andrúmsloftið í alþjóðlegum skólum er öðruvísi en gengur og gerist í til dæmis íslenskum skólum. Í alþjóðlegu skólunum teljast allir til minnihlutahópa. Allir eru að ganga í gegnum það sama og er samkennd meiri á meðal fólks eins og ég þekki af eigin reynslu.

Akademískar kröfur eru almennt mjög miklar í þessum skólum og metnaður skólastjórnenda og kennara mikill. Áhersla á aga er einnig geysilega mikil enda nemendahópurinn mjög fjölbreyttur með nemendum alls staðar að úr heiminum.

Þetta sá ég þegar ég skoðaði alþjóðlegan skóla í New York og einnig þegar dóttir mín stundaði nám við alþjóðlegan skóla í Stokkhólmi. Skóladagurinn var til að mynda mun lengri en venja er á Íslandi og heimanám miklu meira en íslensk börn eiga að venjast. Það var því hálfgerð áfall að koma mínu barni inn í íslenskt skólakerfi sem okkur fannst, eftir þetta stranga nám í Stokkhólmi, virka kaótískt, agalaust og metnaðarlaust í byrjun.

Þar sem nemendahópurinn er mjög blandaður í alþjóðlegum skólum og nemendur af hinum ýmsu trúarbrögðum er yfirleitt engin eða lítil trúarbragðafræðsla í skólunum. Það væri varla gerlegt að hafa slíka kennslu í svo blönduðum hóp þannig að öllum trúarbrögðum væri gert jafnhátt undir höfði. Í skóla dóttur minnar í Stokkhólmi er fjallað um trúarbrögð í þemanámi í öðrum og sjötta bekk, en ekki kafað djúpt í efnið. Kennarar nýta sér aftur á móti fjölbreytileikann í bekkjum í kennslunni nemendum til fróðleiks og góðs. Þetta er náttúrulega einstakt tækifæri fyrir kennara og mikill fjársjóður að hafa nemendur í bekk sem flokkast undir bræðingsbörn, þar sem þeir geta miðlað af sinni reynslu, til dæmis í öllum samfélagsgreinum. Tek ég undir með orðum Pollocks og Van Reken í bók þeirra (Pollock og Van Reken 2001:78).

Meðal ávinnings bræðingsbarna af því að dvelja í lengri eða skemmri tíma frá upprunalandinu er að þau temja sér víðsýni, samanber Eakin (1998) og Lam og Selmer (2002). Þau eiga auðveldara með þetta vegna þess að þau sjá landfræðilegan breytileika í þeim löndum, sem þau dvelja í, ásamt því að þau sjá að fólk lítur hlutina misjöfnum augum eftir því úr hvaða umhverfi það kemur. Börnin sjá að það sem sumum finnst eðlilegt og rétt finnst öðrum ekki (Pollock og Van Reken 2001:79), eins og að ungar stúlkur beri blæjur til að hylja hár sitt og andlit.

Bræðingsbörn búa yfir aðlögunarhæfni. Til dæmis eiga þau auðvelt með að eignast nýja félag. Oft er þetta af illri nauðsyn þar sem þau þekkja enga og gera sér grein fyrir því að fleiri eru í þeirra sporum, vinalausir á nýjum stað (Eakin 1998:23). Ég get sett þetta í samhengi við dóttur mína. Hún hefur átt auðvelt með að eignast nýja vini á nýjum stað, sérstaklega eftir að hún hóf grunnskólanám.

Bæði í Stokkhólmi og svo einnig hér heima á Íslandi var hún búin að eignast félag á fyrsta skóladegi og hélst þessi vinátta til dæmis í Stokkhólmi til þess dags er við fluttum þaðan og verður vonandi um ókomin ár.

Sjálfsbjargarviðleitnin sem dóttir mín hafði var einnig aðdáunarverð þegar við foreldrarnir fórum með hana á leikvelli á Manhattan. Hún var ekki lengi að finna sér einhvern til að leika sér við ef svo bar undir.

Bræðingsbörn eiga mjög auðvelt með að mynda tengsl við önnur börn en aftur á móti eru þau mun háðari foreldrum sínum en önnur börn (Lam og Selmer 2002:117). Kannanir sýna að allt að 90% bræðingsbarna barna líkar við, virða og eru mjög tilfinningalega tengd foreldrum sínum. Ástæðurnar fyrir þessu eru meðal annarra að reglulegir flutningar hafi þau áhrif að fjölskyldurnar verða nánari fyrir bragðið (McCluskey 1994:67). Allir fjölskyldumeðlimir ganga gegnum það sama við að flytja á nýjan ókunnugan stað og sækja því stuðning til hvers annars. Oft eru foreldrarnir líka þeir einu sem börnin hafa áframhaldandi samband við þegar flutt er á nýjan stað (McClusky 1994:67). Þetta þekki ég af eigin raun. Manni finnst maður vera einn í heiminum þegar komið er á nýjan áfangastað og þekkir fáa sem engan. Það er því eðlilegt að leita til þeirra sem standa manni næst eftir þeim stuðningi sem á þarf að halda. Einnig lærir maður að meta betur þær samverustundir sem fjölskyldan á saman og er nískur á að deila þeim samverustundum með öðrum. Þegar flutt er heim verður maður enn meðvitaðri um þessar samverustundir fjölskyldunnar, þegar kröfur koma frá stórfjölskyldunni eða vinum að eyða tíma með þeim. Þetta hef ég einnig fundið hjá mínu barni sem oft og iðulega biður um að hafa sérstaka fjölskyldudaga sem snúast um að fjölskyldan er að gera eitthvað saman ein án afskipta frá öðrum ættingjum eða vinum.

Við heimkomu er nauðsynlegt að halda í ákveðna rútinu sem barnið hefur vanist á undanförunum árum. Það gengur ekki að skipta gjörsamlega um gir við heimkomu. Það er nóg fyrir barnið að meðtaka ytra umhverfi eins og nýjan skóla og nýja félag. Þess vegna er nauðsynlegt að heima fyrir sé ákveðin regla á hlutunum. Má til dæmis nefna að herbergi barnsins er nauðsynlegur hluti af þessu öllu saman, það er að barnið þarf að vera innan um þá hluti sem það þekkir frá fyrri dvalarstað (Storti 2003:114-115).

## 2.2 Hvers fara börnin á mis?

Könnun sem gerð var með 150 manna úrtaki barna sem teljast til bræðingsbarna (McCluskey 1994:69) sýnir að meirihluti þessara barna hefur meiri áhuga á að búa erlendis en í upprunalandinu, og vinna eftir að námi er lokið og Lam og Selmer (2002) staðfesta þetta með annarri rannsókn. Þetta segir okkur það að þessi börn hafa minni tengsl við upprunalandið eftir að hafa dvalið langdvölum erlendis. Þau hafa sterkari tengsl við hið alþjóðlega umhverfi sem þau hafa alist upp í og finnst þau eigi heima ýmist alls staðar eða hvergi (Cottrell 2001). Þó svo að stór hluti bræðingsbarna hafi mikla aðlögunarhæfni geta sífelldir flutningar einnig valdið því að sum börn verði rótlaus. Rótleysi og eirðarleysi er mjög einkennandi fyrir bræðingsbörn sem hefur meðal annars mikil áhrif á samskipti þeirra við annað fólk (Pollock og Van Reken 2001:121).

Sumum þeirra gengur illa að aðlagast nýju umhverfi og finnst þau aldrei verða fullir þátttakendur á nýjum stað og finnst þau í raun hvergi eiga heima (McCluskey 1994:70). Stór hluti þessara barna hefur takmarkaðar tilfinningar til ákveðins lands, en mynda sterkari tengsl við aðra einstaklinga og eru til að mynda mun tengdari foreldrum sínum en önnur börn (Eakin 1994:21, Lam og Selmer 2002:117). Ég get tekið undir þetta; dóttir okkar er mjög tengd okkur foreldrunum og við henni og sá ég þetta einnig í vínahópnum hennar þegar við vorum búsett í Stokkhólmi.

Rótleysið sem einkennir sum þessara barna getur orðið þeim fjötur um fót þegar fram líða stundir. Þetta getur meðal annars komið fram í minni húsbóndahollustu við vinnuveitendur (Lam og Selmer 2002:118). Mörgum þeirra reynist af þessum sökum örðugt að byggja upp starfsferil í framtíðinni þar sem þau halda að grasið sé ávallt grænna annars staðar (Pollock og Van Reken 2001:126).

Þegar barn flytur frá upprunalandi til annars lands hefur það gífurlega röskun í för með sér. Barnið er að flytja í umhverfi sem það þekkir ekki og þarf að aðlagast. Það þarf að fara í nýjan skóla og jafnvel læra annað tungumál. Þetta getur verið mjög erfitt fyrir barnið. Mörg börn hafa mikla aðlögunarhæfni og eru mörg hver fljót að læra á nýjan stað að ekki sé talað um að læra og tileinka sér nýtt tungumál (Lóa Aldísardóttir 2001:20). Þetta sá ég hjá mínu eigin barni og hjá börnum í vín- og kunningjahópnum.



Þegar búið er á erlendri grund getur verið erfitt að viðhalda móðurmálinu og sérstaklega þeim málsniðum<sup>2</sup> sem einkenna hvern aldur fyrir sig. Það mætti ætla að það sé eðlilegt þar sem í mörgum tilfellum umgengst barnið ekki aðra af eigin þjóðerni en foreldra og systkini. Í skólanum eða leikskólanum er það nýja tungumálið sem er talað. Nýja tungumálið er ríkjandi, til dæmis í sjónvarpi, útvarpi, bókum og blöðum. Birna Arnbjörnsdóttir segir að þarna þurfi foreldrarnir að halda rétt á spöðunum og bregðast við á markvissan hátt til þess að barnið glati ekki gamla tungumálinu, eins og að viðhalda sem flestum málsniðum, láta börnin umgangast aðra af sama þjóðerni, nota Netið og bækur (Lóa Aldísardóttir 2001:21).

Ég get talað af eigin reynslu og sagt að þetta er ekki auðvelt. Þótt móðurmálið sé talað á heimilinu og barnið alltaf ávarpað og því svarað á íslensku og það sjálfst látið svara á íslensku, þá gefur íslenskan samt eftir. Í okkar tilviki átti dóttir okkar einungis enskumælandi vini og því fór allur leikur fram á ensku hvort sem hún var með vinum sínum eða lék sér ein. Enn í dag fer leikurinn fram á ensku þegar hún leikur sér ein þó svo að hún sé flutt til Íslands. Þetta er ekki einangrað tilvik enda hef ég sé mörg svona dæmi hjá vinum og kunningjum sem hafa verið í sömu aðstæðum og ég og fjölskylda mín.

Þegar búið er erlendis og barnið umgengst ekki aðra sem tala tungumál þess en fullorðna, getur það orðið til þess, eins og áður segir að það glati ákveðnu málsniði sem einkennir tiltekinn aldur og barnið fer að tala eins og lítil fullorðin manneskja. Þetta getur verið erfitt fyrir barnið þegar heim er flutt aftur og það skilur ekki hvað nýju félagarnir eru að segja (Storti 2003:117). Þetta getur einnig átt við þegar er verið að syngja í skólanum og barnið kann engin lög eða texta sem öllum öðrum finnst vera sjálfsagður hlutur og þar á meðal kennaranum.

Oft eiga bræðingsbörn erfitt með að aðlagast í upprunalandinu þegar flutt er heim eða þegar komið er í stuttar heimsóknir. Börnin segja frá því sem þau hafa verið að gera í gistilandinu og hvað þetta og hitt er miklu stærra, finna eða öðruvísi en þekkist eða finnst í upprunalandinu. Þegar börn tala svona geta þeir sem á hlusta tekið þetta sem raup, grobb, litla þjóðrækni og oft upplifa börn algjört áhugaleysi

---

<sup>2</sup>„Málsnið er sá búningur sem menn velja máli sínu, töluðu eða rituðu. Aðstæður, viðmælendur, umræðuefni og markmið ráða mestu um það hvaða málsnið verður fyrir valinu... Viðmælendur skipta líka máli; foreldrar velja máli sínu annan búning þegar þeir tala við ung börn sín en þann sem þeir nota á vinnustað“ (Málsnið 2001).

og jafnvel höfnun hjá félögum sínum á því sem þau eru að segja frá (Pollock og Van Reken 2001: 81, Eakin 1998:13, Fail ofl. 2004:322). Börnin lenda ekki einungis í svona aðstæðum hjá félögum eða ættingjum. Þau lenda jafnvel í þessu í samskiptum sínum við kennara. Sumum kennurum gremst að mikil þekking barnanna í landafræði, sögu og síðast en ekki síst tungumálum, sé betri en þeirra eigin. Þetta eru vonandi undantekningar því kennarar eiga að nýta sér þekkingu og reynslu svona nemenda. Þessir nemendur hafa margir allt öðruvísi sýn á lífið og tilveruna og sjálfum finnst þeim þau vera öðruvísi en aðrir sem búa ekki yfir svipaðri reynslu og þau sjálf (Cottrell 2001). Mér finnst það segja sig sjálf að kennslan getur bara orðið skemmtilegri með þessa einstaklinga í hópnum.

Aftur á móti eiga sumir kennarar til að kúvenda alveg og setja þessa nemendur á ákveðinn stall með þeim afleiðingum að nemandinn er úthrópaður af samnemendum sínum fyrir kunnáttu sína (Eakin 1998:15).

Börnin sem koma heim með nýja sýn og aðrar hugmyndir geta einnig tekið þetta til sín og fundist þau vera óvelkomin í því landi sem þau álíta að sé þeirra heimaland (Pollock 2001: 83). Það má ekki tala um upprunalandið á þann hátt að á það halli á nokkurn hátt. Þetta þekki ég af eigin raun. Þú nánast vogar þér ekki að tala illa um það sem er að gerast í upprunalandinu, sérstaklega ekki við þá sem ekki hafa búið erlendis. Ég hef fengið margar athugasemdir þegar ég er að kvarta undan litlum gæðum og hárrí verðlagningu á matvælum, fákeppni og fábreytileika í mannlífinu á Íslandi og fæ þau skilaboð að allt sé best á Íslandi.

Þó að börnin öðlist með flökkulífi sínu nýja sýn og hugmyndir þá missa þau af ýmsu í upprunalandinu sem verður til þess að almennri þekkingu sem þau ættu að hafa á sögu og venjum þess er ábótavant. Þetta getur orðið þeim til trafala í samskiptum við fólk í upprunalandinu, þar sem þau skilja ekki um hvaða hluti er verið að tala og geta því lent í aðstæðum þar sem vankunnátta þeirra getur gert þeim skráveifu (Pollock og Van Reken 2001:88-89). Þetta er einnig eitthvað ég kannast við af eigin reynslu.

Börn sem dvalið hafa langdvölum erlendis eiga erfiðara með að festa rætur (Lam og Selmer 2002:118) og finna þann stað sem þau geta kallað heima. Þetta á ekki síst við þegar flutt er aftur til upprunalandsins, enda er sjálfsmýnd bræðingsbarna frekar byggð upp á löngunum þeirra og markmiðum ásamt þeim gildum og siðum

sem viðhafðir eru á heimilunum, heldur en bakgrunns eða þess staðar sem þau eru upprunalega frá (Fail ofl. 2004:323).

Flökkulífið hefur einnig í för með sér að sum þessara barna eiga erfiðara að með stofna til náinna kynna við aðra einstaklinga. Samkvæmt rannsókn sem gerð var á 300 manna úrtaki barna sem teljast til bræðingsbarna, kemur í ljós, að 40% þeirra hræðast að stofna til náinna kynna við aðra af ótta við missi og að þurfa að kveðja nána vini aftur og aftur (Pollock og Van Reken 2001:139). Eakin (1998) segir að það verði erfiðara fyrir börnin að mynda vinasambönd eftir því sem þau eldist og nái unglingsaldri (Eakin 1998:23). Ástæður þess eru að börnin eiga erfitt með að samsama sig við eitthvert ákveðið menningarumhverfi. Þeim finnst þau hvergi passa almennilega inn og eigi ekki mikið sameiginlegt með því fólki sem það kynnist á hverjum stað. Þetta getur verið sérstaklega erfitt þegar flutt er aftur til upprunalandisins. Í einni rannsókn sem gerð var kom fram að 93% unglunga átti í einhvers konar aðlögunarvanda þegar heim var snúið (Storti 2003:116).

Á nýjum stöðum eru mismunandi viðhorf og gildi. Því er sjálfmynd og sjálfstrausti barnanna sífellt storkað, sem gerir það að verkum að þau sigla oft milli skers og báru, eru hálfgerð kameljón, þegar komið er á nýjan stað og þau byrja að mynda ný tengsl við nýtt fólk (Fail ofl. 2004: 323). Þrátt fyrir þessi miklu átök segjast þessi börn ekki glíma við hluti eins og einsemd eða stefnuleysi og þau reyna þrátt fyrir þetta að stofna til náinna kynna við aðra (Cottrell 2001).

Þegar farið er frá upprunalandinu eru það nánir ættingjar, vinir og skólafélagar og jafnvel gæludýr sem verða eftir. Stöðugir flutningar hafa það í för með sér að börnin eru sífellt að kveðja einhverja sem eru þeim nákomnir og hjartfólgnir. Mörg af þessum börnum upplifa þetta oftast áður en unglingsárum er náð en venjuleg manneskja gerir á heillri mannsævi. Allt þetta getur haft slæm áhrif á börnin og nauðsynlegt fyrir alla aðstandur að gera sér grein fyrir því (Pollock og Van Reken 2001:166). Í gistiríkjunum er hið sama uppi á teningnum. Börnin eru mörg hver búin að koma upp góðu tengslaneti sem þarf að slíta þegar flutt er á ný eða þá að einhverjir úr hópnum flytjast til upprunalandisins eða á nýjan áfangastað. Börnin reyna því, af þessum sökum að temja sér þann eiginleika að geta skorið á vinaböndin fljótt þegar flutt er (Eakin 1998:23, Pollock og Van Reken 2001:140). Einnig er það fjarlægðin frá stórfjölskyldunni sem verður eftir í upprunalandinu. Þar missir barnið af ýmsu eins og samskiptum við afa og ömmur og aðra nána

ættingja, sem eru fólki sem ekki hleypir heimdraganum, svo sjálfsagðir og eðlilegir hlutir. Það var á stundum erfitt að vera langt frá ættingjum og vinum, sér í lagi ef eitthvað stóð til, eins og afmæli eða einhverjir stórviðburðir hjá fjölskyldunni. Það var oft erfitt fyrir mig sjálfan sem fullorðinn einstakling, að upplifa þetta. Ég get ímyndað mér að svo hafi einnig verið fyrir barn sem ekki hefur fullan skilning eða þroska á því sem er að gerast.

En hvaða áhrif hefur þetta á sjálfsmynd barnsins? Þegar flutt er á nýjan stað þarf barnið að mörgu leyti að byrja upp á nýtt. Pollock og Van Reken (2001) tala um nokkra mikilvæga þætti í þessu samhengi. Í fyrsta lagi er það missir á ákveðinni stöðu sem þau hafa haft. Þau vita hvar þau stóðu og til hvers var ætlast af þeim á gamla staðnum. Í öðru lagi þurfa þau að taka upp nýjan lífsstíl í nýju umhverfi. Allt í einu er ekki hægt að gera hluti sem þótti sjálfsagt að gera á gamla staðnum eins og að fara út að leika í öruggu umhverfi, eða stóla á þægindi eins og heitt vatn og rafmagn. Í þriðja lagi að þurfa að skilja eftir hluti og minningar sem ekki er hægt að taka með á nýjan stað, sökum plássleysis í nýju húsnæði eða mikils flutningkostnaðar. Í fjórða lagi eru það sambandstlit við ættingja og vini sem í mörgum tilfellum verða aldrei söm þegar barnið snýr til baka aftur (Pollock og Van Reken 2001:168-169).

Oft koma börnin heim með brotna sjálfsmynd og vita ekki hverju eða hvaða stað þau tilheyra. Hér þurfa þau á aðstoð foreldra, kennara og vina að halda til þess að efla sjálfsmyndina og sjálfstraustið (Fail ofl. 2004:324).

### **2.3 Áhrif flutningsins á börnin og aðlögun að upprunalandinu**

Það getur oftast en ekki verið mjög erfitt fyrir barn að flytja aftur heim til upprunalandsins. Er meðal annars í því sambandi oft talað um öfugt menningarsjökk (Storti 2003:51). Aldurinn 9-15 ára er sérlega erfiður fyrir börn og flutning á milli landa, og eftir því sem barnið verður eldra því erfiðara er að aðlagast nýjum stað og er upprunandið þar með talið (Fail 2004:324). Storti talar um þrjú mikilvæg atriði í þessu sambandi og hefur þá eldri börn eða unglinga í huga. Þessi atriði eru klæðaburður þeirra á nýja staðnum, um hvað allir eru að tala þar og svo hvernig allir tala eða málsnið (Storti 2003:117) og tekur Eakin undir með það síðastnefnda (Eakin 1998:24).

Flutningur heim og aðlögun að upprunalandinu er líka mun erfiðari ef barnið hefur aðlagast vel að gistiríkinu og tileinkað sér þær venjur og siði sem þar tíðkast (Fail o.fl. 2004:324 -325, Eakin 1998:12). Í gistiríkinu eiga börnin sína vini og féлага og daglegt líf þeirra er í föstum skorðum sem getur reynst erfitt að fara úr. Þetta hef ég sjálfur upplifað. Það var geysilega erfitt fyrir dóttur mína að sætta sig við að flytja frá New York á sínum tíma og tel ég að hún komist seint yfir það. Hún eignaðist þar sína fyrstu vini og enskan var orðin hennar aðaltungumál. Enn í dag, rúmum tveimur árum síðar, á hún það til að fara að gráta og segist sakna borgarinnar mikið. Missir af þessu tagi og sorgarviðbrögð sem hér er lýst er ekkert einsdæmi eins og kemur fram hjá Pollock og Van Reken (2001:172).

Það getur líka haft áhrif á börnin hvernig flutningurinn gengur hjá foreldrunum og hvort hann hefur verið skipulagður með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Hér er til dæmis átt við atvinnuleit foreldra og fjárhagsáhyggjur ef vinnuleitin gengur illa. Það þarf líka að hafa í huga að barnið gerir sér oft ekki grein fyrir því að það er ekki sama persónan og það var þegar flutt var að heiman. (Eakin 1998:12). Því getur verið erfitt fyrir barnið að aðlagast nýju umhverfi þó svo að um upprunalandið sé að ræða og barnið hugsanlega fætt og að einhverju leyti alið þar upp.

Það er ekki einungis barnið sem hefur breyst og öðlast nýja sýn á lífið og tilveruna, það sama á við um æskuvinina og því getur verið erfitt að taka upp þráðinn þegar flutt er heim (Eakin 1998:24).

Væntingar barnsins til þess að flytja heim geta líka verið langt frá raunveruleikanum. Það hefur vanist því að koma heim í stuttar heimsóknir og þá ríkir glaumur og gleði. Endalausar heimsóknir og gjafir frá ættingjum og barnið fær mikla athygli frá umhverfinu. Þegar svo flutt er heim er raunveruleikinn allt öðru vísi. Fyrstu vikurnar eru kannski skemmtilegar, allir glaðir að vera búnir að fá „týnda soninn“ heim (Storti 2003:49). Síðan tekur grár hversdagsleikinn við. Allir eru að sinna sínu, foreldrar barnsins farnir að vinna og spenningurinn og gleði ættingja og vina yfir heimkomunni dvínar.

Við höfðum einmitt gert okkur grein fyrir þessu áður en við fluttum heim. Vinir okkar höfðu lent í þessu með dóttur sína, sem fékk hálfgerð áfall við heimkomuna sem var gerólikt því að koma heim í heimsókn í nokkra daga. Storti (2003) talar í þessu sambandi um hveitibrauðsdaga, sem hann telur að geti varað allt frá einni

viku til tveggja mánaða (Storti 2003:51). Við unnum því í þessu með okkar barni sem hafði nægan þroska til að gera sér grein fyrir þessu þegar við vorum að flytja heim til Íslands.

En hvað tekur við að hveitibrauðsdögunum loknum? Margt á nýja staðnum stendur ekki undir væntingum. Sífelldur samanburður við gamla staðinn er í gangi og allt sem barnið hefur upplifað þar sér það í hilligum. Það sem ekki var fullkomið virðist nú vera það eða það sem var erfitt gleymist eða er litið jákvæðum augum. Þetta getur valdið árekstrum við hið nýja umhverfi, sérstaklega við nána ættingja eða skólafélaga, sem finnst barnið vera óþolandi en barninu aftur á móti finnst þessir aðilar vera þröngsýnir og skorta umburðalyndi (Storti 2003:52-52). Þetta eru eðlileg viðbrögð hjá þeim aðila sem er að flytja heim aftur og er ferli sem margir þurfa að ganga í gegnum þegar aðlögun á nýju samfélagi á sér stað.

Annað sem vert er að hafa í huga þegar flutt er aftur til upprunalsins er að margt hefur breyst þar á þeim tíma sem fjölskyldan hefur verið í burtu. Ég og fjölskylda mín höfum séð miklar breytingar á íslensku þjóðfélagi eftir að við komum til baka. Má þar nefna hve flóran í mannlífinu hefur breyst mikið með innflytjendum sem virðast vera miklu sýnilegri alls staðar en áður var. Sést það ekki síst með því að skoða tölur Hagstofunnar um fjölda innflytjenda árið 2002 er fjölskyldan mín flytur utan. Þá fluttu til Íslands 1.855 erlendir ríkisborgara en fyrstu níu mánuði þessa árs (2007) hafa 5.602 erlendir ríkisborgarar flutt til landsins (Hagstofa Íslands 2007). Þessar tölur sýna gríðarlega miklar breytingar sem eru augljósar nánast hvar sem er í þjóðfélaginu.

Önnur breyting sem má nefna er að landinn er orðinn sólgnari í veraldleg gæði en áður og lífsgæðakapphlaupið hefur aukist enn frekar, sem endurspeglast í tölum um einkaneyslu heimila á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2002 var meðalneysla heimila kr. 3.633.347 en var komin upp í kr. 4.318.752 árið 2005 sem er talsverð hækkun á ekki lengri tímabili (Hagstofa Íslands 2007).

## 3 Niðurstöður

### 3.1 Umræður og niðurstöður

Eftir að hafa skoðað og rýnt í efnið sem þessi ritgerð fjallar um, sýnir það sig að það fylgja því bæði kostir og gallar að alast upp sem bræðingsbarn.

Fyrst skal ég nefna kostina. Þessi börn tileinka sér svo mikla þekkingu, víðsýni og fordómaleysi sem ég tel að ekki sé hægt að læra af bók eða með því að hafa einungis dvalið í heimalandinu. Ef ég lít á þetta út frá reynslu minni og þá fyrst og fremst reynslu dóttur minnar sé ég hve kostirnir eru margir. Hún hefur öðlast mikla aðlögunarhæfni og víðsýni á dvöl okkar erlendis. Rannsóknir hafa einnig sýnt að börn sem flokkast undir þessa skilgreiningu tileinka sér þessa eiginleika samanber Pollock og Van Reken (2001), Eakin (1998) og fleiri. Cottrell (2001) hefur einnig rannsakað börn með alþjóðlegan bakgrunn og þar kemur fram að þessi lífstíll hefur mikil áhrif á líf þeirra í framtíðinni og sér í lagi á samskipti og sambönd við annað fólk.

Jákvæð áhrif á menntun eru einnig mjög áriðandi, enda hafa rannsóknir bent til þess að þessi börn eru mun líklegri til þess að sækja sér meiri menntun en börn sem ekki flokkast undir skilgreininguna, samanber rannsóknir McClauskey (1994) og Useem (2001). Useem (2001) nefnir til dæmis að bræðingsbörn eru fjórum sinnum líklegri til þess að ljúka grunnskólamenntun og um helmingur þessara barna lýkur enn frekara háskólanámi. Mikill hluti þessara barna hefur á valdi sínu fleiri en eitt tungumál sem hefur jákvæð áhrif á nám (Lóa Aldísardóttir 2001:21). Að kunna fleiri en eitt tungumál vel hlýtur einnig að vera gott veganesti í framtíðinni þegar einstaklingar huga að frekara námi eða vinnu.

Useem og Cottrell (2001) segja einnig að þessi mikla menntun barnanna endurspeglar í starfsferli þeirra og í rannsókn sem þær gerðu kemur í ljós að yfir 80% þessara barna séu í einhvers konar stjórnunarstöðum.

Ég vil nú ekki fullyrða um tækifæri þessara barna til náms, en við lestur þess efnis sem ég legg til grundvallar í ritgerðinni kemur það fram að þau börn sem er verið að rannsaka sækja undantekningarlítið alþjóðlega skóla. Í þessum skólum eru akademískar kröfur almennt miklar og jafnvel meiri en gengur og gerist í skólum sem reknir eru af ríki eða sveitarfélögum. Tel ég að þetta geti í raun skipt sköpum í menntun þessara barna til framtíðar þar sem þau kynnast skólakerfi og

menntunarkröfum sem þau búa að síðar meir og ætti að hafa þau áhrif að börnin sækist eftir frekara námi. Að þessu leyti má einnig segja að börnin séu á einhvern hátt forréttindahópur og hafi sterkt fjárhagslegt bakland þar sem þessir skólar eru margir hverjir mjög dýrir og ekki á færi allra að kosta barn í þá. Má í þessu sambandi nefna að skólagjöldin fyrir 1. – 5. bekk, í skólanum sem dóttir mín sótti í Stokkhólmi, eru fyrir skólaárið 2007-08 127.500,- sænskar krónur (Stockholm International School 2007) eða um 1.200.000,- íslenskar krónur miðað við gengi 11. nóvember 2007 (Glitnir 2007).

Lam og Selmer (2002) tala um að alþjóðleg stórfyrirtæki sækist í auknum mæli eftir því að ráða þessa einstaklinga í vinnu, hvort sem er heima eða erlendis. Þeir hafi allt aðra sýn á heiminn og eiga auðveldara með að aðlagast að nýju umhverfi. Þá séu þeir opnari og fordómalausari og hafi betri innsýn í fleiri en eina menningu, svo ekki sé talað um tungumálakunnáttu.

Eins og komið hefur fram er ekki alltaf einfalt og auðvelt að alast upp sem bræðingsbarn. Mörg þessara barna þurfa að glíma við ýmsa erfiðleika, sem önnur börn er búa alla tíð í sínu upprunalandi þurfa ekki að glíma við. Að draga barn úr faðmi stórfjölskyldunnar, vina og því umhverfi sem það þekkir, er meira en að segja það og hefur áhrif á barnið og þar með á alla fjölskylduna.

Það sem er kannski erfiðast við að eiga er sorg og missir sem stór hluti þessara barna upplifir. Þeim finnst þau hvergi eiga heima og þau finna fyrir rót- og ístöðuleysi. Er þetta gegnumgangandi í rannsóknum á bræðingsbörnum samanber Pollock og Van Reken (2001) og fleiri rannsóknum.

Aðlögunin að upprunalandinu þegar flutt er heim aftur getur líka verið þrautin þyngri.

Það hefur komið fram hérna að framan að þessir hlutir hafa talsvert verið rannsakaðir. Pollock og Van Reken (2001) segja til að mynda að stór hluti þessara barna upplifi mikið rötleysi og finnist þau hvergi eiga heima samanber Cottrell (2001). McClusky (1994) tekur undir þetta og bætir við að hluta þessara barna finnist þeir ekki vera fullir þátttakendur á þeim stað sem þeir búa á hverju sinni. Lam og Selmer (2002) taka meðal annars fram að rötleysið geti orðið þessum börnum fjötur um fót í framtíðinni þegar út á vinnumarkaðinn kemur.

Eins og ég nefni að ofan er aukin tungumálakunnáttu oft fylgifyskur þess að tilheyrja hópi bræðingsbarna og tel ég það vera ómetanlegt fyrir framtíðina. Aftur á



móti getur það reynst örðugt að viðhalda upprunatungumálinu þegar á hólminn er komið eins Birna Arnbjörnsdóttir (2001) bendir á. Það getur verið stórmál fyrir barn að flytja aftur til upprunalandsins og geta ekki tjáð sig fullkomlega í eigin upprunalandi fyrir utan það að upplifa jafnvel einhvers konar höfnun úr umhverfinu þegar svo er háttað.

Þegar ég ber saman kostina og gallana þá kemst ég að þeirri niðurstöðu að kostirnir séu ótvíræðir og tel að fjölmörg atriði styðji mitt mál. Fyrst og fremst byggji ég þessa skoðun mína á reynslu minni og fjölskyldunnar, en einnig á þeim heimildum sem ég hef skoðað og lesið við þessa vinnu. Ég hef einnig verið svo heppinn að reynsla okkar af þessu brólti um heiminn hefur hingað til verið jákvæð. Kannski þarf ég að skoða betur það sem Storti (2003) segir um að ég hafi útilokað allar neikvæðar upplifanir á þeim stöðum sem ég hef dvalið á, á undanförunum árum.

Ég varpa þeirri spurningu fram í inngangi hvort bræðingsbörn séu á einhvern hátt frábrugðin öðrum börnum. Ég tel svo vera og nefni það einnig máli mínu til stuðnings um kosti þess að alast upp á þennan hátt. Það kemur fram í öllum þeim rannsóknum sem í er vitnað í þessari ritgerð, (Eakin 1998, Pollock og Van Reken 2001, Lam og Selmer 2002, ofl) að börnin séu umburðarlyndari, víðsýnni og fordómalausari en gengur og gerist meðal þeirra barna sem alast ekki upp sem bræðingsbörn. Þetta atriði þykir mér skipta svo miklu máli að það yfirgnæfi gallana.

## **Lokaorð**

Það voru blendnar tilfinningar hjá lítilli fjölskyldu í Garðabænum sumarið 2002. Sökum starfa eiginkonunnar varð fjölskyldan að flytja úr vernduðu umhverfi á Íslandi og á vit ævintýra stórborgarinnar New York. Þegar við fluttum til borgarinnar var ekki liðið ár frá árásunum á Tvíburaturnana og hafði tilhugsunin um hana talsverð áhrif á okkur.

Byrjunin var erfið, barnið talaði ekki tungumálið og aðlögun á nýjan leikskóla tók langan tíma og mikla þolinmæði hjá bæði barni og foreldrum. Þetta léttist fljótt því aðlögun í nýju landi gekk vel. Er þetta reynsla sem ég og fjölskylda mín

hefðum ekki vilja missa af. Í borginni kynntumst við nýrri menningu og siðum sem við höfum að mörgu leyti meðtekið inn í okkar daglega líf. Má þar fyrst og fremst nefna matarmenningu, betri samskiptavenjur, ásamt ýmsu öðru sem við munum hafa í hávegum um ókomin ár.

Ég tel að það sé grundvallaratriði ef flutt er á milli landa með barn að flutningurinn sé vel undirbúinn og barnið sé með í ráðum allan tímann. Þegar við tilkynntum okkar barni að við værum að flytja, þá var henni sagt frá því í rólegheitum og við leituðumst við að nefna allt það jákvæða við nýja staðinn. Þetta reyndist mjög vel og urðu viðbrigðin við að flytja minni en við þorðum nokkurn tíma að vona.

Þegar frá líður er þessi tími frábær í minningunni því það hefur svo margt annað skemmtilegt og áhugavert áunnist síðan. Vinir og kunningar frá öllum heimshlutum, af öllum kynþáttum og trúarbrögðum hafa auðgað líf okkar svo mikið. Dóttir mín er nú tvítyngd ásamt því að hafa bætt við sig þriðja tungumálinu líka. Hún mun búa að þessari reynslu alla tíð. Vinirnir um allan heim, tungumál, víðsýni og fordómleysi er ómetanlegt fyrir framtíð barnsins.

Ég varpa fram rannsóknarspurningunni: ”Er það einungis ávinningur fyrir börn að alast upp í öðrum menningarheimi en foreldrar þeirra, eða fara þau einhvers á mis?” í upphafi ritgerðarinnar. Ég tel að ávinningurinn sé það mikill að hann yfirgnæfi það sem börnin fari á mis við og nefni því til stuðnings víðsýni, fordómaleysi, aukna tungumálakunnáttu og jákvæðari viðhorf til menntunar.

Jákvæð viðhorf bræðingsbarna til menntunar komu mér mjög á óvart og einnig sú staðreynd að mun fleiri bræðingsbörn ljúka langskólanámi en gengur og gerist með önnur börn (Useem 2001). Ef grannt er skoðað ætti það ekki að koma á óvart þar sem stór hluti bræðingsbarna er þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa fengið tækifæri til þess að sækja sér menntun í alþjóðlegum einkaskólum. Mín reynsla af þeim er að menntunarkröfur eru meiri en þekkist í til dæmis íslenskum grunnskólum. Þessir skólar eru líka oft dýrir og því ekki á allra færi að stunda nám þar.

Út frá þessu vaknaði sú spurning hjá mér hvort bræðingsbörn séu á einhvern hátt forréttindahópur? Þau fá að skoða heiminn, kynnast annarri menningu, tungumálum og fá oft tækifæri til betri menntunar en gengur og gerist. Þessari spurningu verður ekki svarað hér en aftur á móti er athyglisvert að velta henni fyrir sér.

Að lokum ber að geta þess hve það er geysilega áriðandi að foreldrar séu meðvitaðir um hvernig barninu líður og reiðir af á nýjum stað, langt frá ættingjum og vinum. Ég tel að þessi þáttur foreldranna skipti í raun sköpum. Storti (2003:114-115) segir að þegar flutt er á nýjan stað sé nauðsynlegt að fjölskyldan reyni að halda sömu eða svipaðri rútínu og áður, því það hjálpi barninu að aðlagast að nýjum stað. Ég tek undir þessi orð og tel að þannig aðlagist barnið betur og hugsa ég þá til eigin reynslu.

Hafnarfirði, í desember 2007,  
Hafþór Þorleifsson.

## Heimildaskrá

- Bæjarból (2007). *Að byrja í leikskóla*. Sótt 22. október 2007 af [http://leikskolar.gardabaer.is/displayer.asp?cat\\_id=254](http://leikskolar.gardabaer.is/displayer.asp?cat_id=254)
- Cottrell, A.B. (2001). ATCKs have problems relating to own ethnic groups. *Newslinks: The Newspaper of International School Services*. Sótt 23.október af <http://iss.edu/pages/kids.html>
- Cottrell, A.B og Useem, R.H. (2001). ATCKs maintain global dimensions throughout their lives. *Newslinks: The Newspaper of International School Services*. Sótt 23.október af <http://iss.edu/pages/kids.html>
- Eakin, K.B. (1998). *According to My Passport I'm Coming Home*. Sótt 17.september 2007 af <http://www.state.gov/documents/organization/2065.pdf>
- Fail, H., Thompson, J. og Walker G. (2004). *Belonging, identity and Third Culture Kids. Life histories of former international school students*. Sótt 23.september 2007 á heimasíðu Sage Journal Online: <http://jri.sagepub.com/cgi/reprint/3/3/319>.
- Glitnir (2007). Sótt 11. nóvember 2007 af <http://www.glitnir.is/>
- Hagstofa Íslands (2007). Sótt 22. október 2007 af <http://www.hagstofa.is/>.
- Hanna Ragnarsdóttir (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmenningslegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*. 11:51-80.
- Lam, H., Selmer, J. (2003). „Former „Third Culture Kids“ the ready-made business expatriates?“ Sótt 23. október 2007 í rafræna gagnagrunninn ProQuest5000: <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=9&did=653757311&SrchMode=1&sid=1&Fmt=6&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1193128287&clientId=58032>
- Lóa Aldisardóttir (2001). Öllum hollt að vera tvítyngdir. *Uppeldi* 14,2:20-22.
- „Málsnið“ (2001). *Alfræði íslenskrar tungu*. Margmiðlunardiskur. Ritstjórar Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- McCluskey, K. C. (Ritstj.),(1994). *Notes from a Traveling Childhood*. Washington D.C: Foreign Service Youth Foundation.

- Pascoe, R. (2006). *Raising Global Nomads. Parenting abroad in an on demand world*. North Vancouver: Expatriate Press Limited.
- Pollock, D. C. og Van Reken R.E. (2001). *Third Culture Kids: the experience of growing up among worlds*. Boston, MA: Nicholas Brealey Publishing.
- Steingrímur Þórðarson. (2001). „Tvítýngi.“ *Alfræði íslenskrar tungu*. Margmiðlunardiskur. Ritsjórar Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Stockholm International School (2007). *Admissions*. Sótt 11. nóvember af <http://www.intsch.se/pages/sitepage.cfm?page=42316>
- Storti, C. (2003). *The Art of Coming Home..* London: Nicholas Brealey Publishing.
- Useem, R.H. (2001). TCK „mother“ pens history of field. *Newslinks: The Newspaper of International School Services*. Sótt 23.október af <http://iss.edu/pages/kids.html>.